

# Ársskýrsla 2013





#### Fida og Ásbrú eiga samleið

Fida Abu Libdeh flutti til Íslands frá Palestínu 16 ára gömul. Æðsti draumur hennar var að mennta sig en fyrir innflytjanda með takmarkaða íslenskukunnáttu var erfitt að fóta sig í íslensku framhaldsskólakerfi. Á Háskólabrú Keilis fékk hún nýtt tækifæri til að halda menntun sinni áfram og að henni lokinni fór hún í háskólanám hjá Keili í orku- og umhverfistæknifræði. Fida stofnaði fyrirtækið GeoSilica Iceland ehf. ásamt Burkna Pálssyni og fyrirtækinu Ögnum ehf. í framhaldi af lokaverkefnum

þeirra í orku- og umhverfistæknifræðinámi Keilis. Markmið þess er að vinna hágæða kísilheilsuvörur úr kísilríku affallsvatni jarðvarmavirkjana sem í dag er að mestu leyti ónýtt auðlind. Fyrirtækið fékk aðstöðu í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú og er þar í hópi fjölbreyttra sprotafyrirtækja. GeoSilica Iceland ehf. fékk verkefnisstyrk frá Tækniþróunarsjóði haustið 2012 og var valin ein af 10 bestu viðskiptahugmyndunum í Gulleggju 2013, frumkvöðlakeppni á vegum Innovit.

## Efnisyfirlit

Stjórn . . . . .	5
Ávarp stjórnarformanns . . . . .	6
Ávarp framkvæmdastjóra . . . . .	7
Rekstur og afkoma . . . . .	9
Framúrskarandi fyrirtæki . . . . .	9
Mannauður . . . . .	9
Skipulag félagsins . . . . .	9
Sala . . . . .	9
Starfsemi ársins . . . . .	11
Leiga . . . . .	11
Framkvæmdir og skipulag . . . . .	13
Markaðsmál . . . . .	13
Viðskiptaþróun . . . . .	15
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings . . . . .	17
Áritun endurskoðenda . . . . .	18
Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 2013 . . . . .	19
Efnahagsreikningur 31. desember 2013 . . . . .	20–21
Sjóðstreymi 1. janúar til 31. desember 2013 . . . . .	22
Reikningsskilaaðferðir . . . . .	23
Skýringar . . . . .	24–27





#### Miðstöð heilsuræktar á Suðurnesjum

Frá því að Sporthúsið Reykjanesbæ opnaði á haustdögum 2012 hefur starfsemi þess farið hratt vaxandi. Greinilegt er að þörfin fyrir nýja og glæsilega líkamsræktarstöð var fyrir

hendi því stöðin er í dag sú langfjölmennasta á Suðurnesjum. Íþróttaakademía Keilis nýtir stöðina fyrir sína nemendur í einkaþjálfaranámi sem njóta þess að hafa góða aðstöðu.



#### Stjórn og framkvæmdastjóri Kadeco

F.v.: Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,  
Árni Sigfússon, stjórnarmaður,  
Sigrún Árnadóttir, varamaður,

Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður,  
Fjóra Hrund Björnsdóttir, stjórnarmaður.



## Ávarp stjórnarformanns



### Nýttum tækifærin

Þegar bandaríski herinn yfirgaf varnarstöð sína við Keflavíkflugvöll í október árið 2006, eftir tæplega 60 ára dvöl, áttu sér stað kaflaskil í margvíslegum skilningi. Í utanríkis-, varnarmála- og menningarsögu landsins lauk formlega merku tímabili. Hvort sem menn voru fylgjandi eða andvígir veru hersins hér á landi, mótaði tilvist hans samfélagið að mörgu leyti, enda má segja að hann hafi verið ákveðin myndbirting á stöðu landsins í kalda stríðinu.

Þegar mest var þjuggu 6.000 manns í herstöðinni og hún taldist til stærri byggðarlaga á Íslandi. Þessum fjölda varnarliðsmanna og varnarstöðinni sjálfri fylgdu mikil umsvif sem sköpuðu fjölda starfa. En áhrifin voru meiri. Varnarstöðin var einskonafrá framvörður bandarískrar menningar á Íslandi og bærust margs konar straumar og stefnur hingað til lands í gegnum hana. Rokkið nam þannig land á Íslandi í „klúbbunum á Vellinum“ og körfuknattleikur kom til landsins í gegnum íþróttahúsin svo dæmi séu tekin.

Þessi áhrif höfðu viðkomu á Suðurnesjum áður en þau dreifðu sér um landið allt. En eins og eðlilegt er voru það þó störfin sem skiptu mestu máli þegar tilkynnt var um brottför varnarliðsins frá Íslandi. Varnarstöðin var langstærsti atvinnuveitandi svæðisins og hafði sem slíkur mikil áhrif á lífið á Suðurnesjum. Jafnframt hafði vera varnarliðsins mikil áhrif á ýmsar þjónustugreinar á svæðinu sem byggðu rekstur sinn á þjónustu við varnarliðið sjálft eða liðsmenn þess. Efnahagsleg áhrif brotthvarfsins voru því mikil.

Nú, átta árum síðar, hefur mikið vatn runnið til sjávar. Á svæðinu sem áður var herstöð hefur tekist að skapa framsækið nýsköpunarsamfélag sem nýtir þá innviði sem skildir voru eftir á hugvittsamlegan hátt. Þrátt fyrir erfiðleika undangenginna ára í íslensku efnahagslífi hefur tekist að laða að svæðinu fjárfestingu, allt frá stóru gagnaveri til minni sprotafyrirtækja. Þessi umbreyting úr yfirgefnum þorpi í samfélag 2.000 íbúa og vel á annað hundrað fyrirtækja varð ekki af sjálfu sér. Þar er ekki síst að þakka því starfi sem Próunarfélag Keflavíkflugvallar hefur unnið á umliðnum árum. Með markvissri stefnumótun hefur félagið sótt fram í samræmi við þau markmið sem því voru sett; að skapa ný tækifæri fyrir Suðurnesin og vega þannig upp á móti því áfalli sem samfélagið varð fyrir með brotthvarfi varnarliðsins.

Eftir undangengin ár stöðnunar í íslensku efnahagslífi eru tækifærin síst minni framundan. Fleiri og fleiri sjá kostina við það að koma sér fyrir í því spennandi umhverfi sem Ásbrú býður upp á – og miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað umhverfis alþjóðlega flugvelli víða um heim á undanföllum áratugum er ljóst að framtíð Ásbrúar er björt.

Tækifærin eru svo sannarlega til staðar. Verkefni okkar er að nýta þau.

*Sigurður Kári Kristjánsson.*

## Ávarp framkvæmdastjóra



Á liðnu ári bættist enn í flóru þeirra fyrirtækja sem hafa valið Ásbrú til uppbyggingar á sinni starfsemi. Samkeppnin um spennandi alþjóðleg nýsköpunarfyrirtæki er hörð í heiminum og margir staðir sem koma til greina þegar fyrirtæki eru að velja sér stað til að byggja upp sinn framtíðarrekstur. Við staðarvalsákvörðanir er enginn einn þáttur sem nægir eingöngu til að sannfæra fyrirtæki um staðsetningu. Slík ákvörðun byggir fremur á samansafni fjölmargra þátta sem gera eina staðsetningu meira aðlaðandi heldur en aðra. Nokkrir grundvallarþættir þurfa nær alltaf að vera til staðar s.s. alþjóðlegar og innlendar samgöngutengingar, traust og örugg löggjöf, gott aðgengi að grundvallarþekkingu, námsmöguleikar og almenn lífsgæði fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Þá geta þættir eins og orkukostnaður haft þýðingu fyrir fyrirtæki í orkufrekum iðnaði og almennt þarf að ríkja skýr sýn og skilvirkni í skipulagsmálum. Almenn samkeppnishæfni er lykilatriði og skilgreinir þar með yfirburði einnar staðsetningar umfram aðra.

Á Ásbrú hefur ofangreindum þáttum verið raðað saman í heildræna stefnu og skipulag. Markmiðið er að mynda innviði og aðstæður þar sem fyrirtæki sjá meiri mögulegan ábata af sínum rekstri en annars staðar. Verið er að þjóna fyrirtækjum á breiðu sviði allt frá eins manns frumkvöðlafyrirtækjum og upp úr. Nálgunin er ólík eftir því hvaða starfsemi er um að ræða en grunnþættir þjónustunnar eru ávallt þeir sömu. Það er að skapa aðstæður sem gera fyrirtækjunum eins auðvelt og hægt er að þróa sína starfsemi.

Samkeppnishæfni Ásbrúar byggir á nokkrum grunnþáttum. Má þar meðal annars nefna góðar samgöngutengingar, græna orku, gott aðgengi að þekkingu og menntuðu vinnuafli, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrannalöndum í gegnum flugvöllinn, ásamt nægu landrými til uppbyggingar og þróunar.

Möguleikar Ásbrúar eru miklir til framtíðar. Í því sambandi má nefna að í gegnum tíðina hafa borgir jafnan vaxið hraðast í kringum ýmiss konar samgöngutengingar. Frá fyrstu tíð byggðust borgir í kringum hafnir. Síðan með tilkomu lesta og bíla tóku borgir að þróa á mótum lestarteina og hraðbrauta. Hin síðari ár hafa borgir byggst upp hvað hraðast í kringum flugvelli og kenningar eru um að í nánustu framtíð muni borgir rísa í kringum þá staði þar sem gögnin eru staðsett.

Enn sem komið er höfum við ekki lestartengingar sem þó má ætla að sé innan seilingar. Það sem skiptir eigi að síður meira máli er að þeir grunninnviðir og þjónusta sem leiða til mestrar efnahagslegrar þróunar víða um heim eru til staðar í dag og standa nú þegar undir miklum vexti á svæðinu.

*Kjartan Þór Eiríksson.*





## Rekstur og afkoma

Próunarfélagið fær þóknunartekjur úr ríkissjóði á móti útlögðum kostnaði þess við þau verkefni sem því eru falin samkvæmt þjónustusamningi við fjármálaráðuneytið. Þóknunartekjur félagsins frá ríkissjóði fyrir árið 2013 voru um 528 milljónir króna. Félagið fær einnig tekjur af lóðarleigu og útleigu húsnæðis á starfssvæði sínu.

Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnsliða námu 631 milljón króna. Þar af var launakostnaður um 106 milljónir króna.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 46,3 milljónir króna. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður félagsins 49,9 milljónir króna. Hagnaður ársins eftir reiknaða skatta nam 39,9 milljónum króna. Heildareignir félagsins voru bókfærðar á 1.375,6 milljónum króna. Skuldir félagsins námu 727,2 milljónum króna. Eigið fé félagsins nam 648,4 milljónum króna í árslok.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Þriðja árið í röð hlaut Próunarfélag Keflavíkurflugvallar viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki. Viðurkenningin er veitt af Creditinfo sem hefur unnið að ítarlegri greiningu sem sýnir hvaða íslensku fyrirtæki hafa fengið bestu einkunn í styrk- og stöðugleikamati



félagsins og telst því rekstur þeirra til fyrirmyndar.

Af 33.000 fyrirtækjum sem skráð eru í hlutafélagaskrá reyndust 462 verðskulda

nafnbótina „Framúrskarandi fyrirtæki ársins 2013“ eða um 1,4% allra fyrirtækja. Vottunin er viðurkenning á því að Próunarfélag Keflavíkurflugvallar er í hópi sterkustu fyrirtækja landsins.

### Mannauður

Á árinu 2013 störfuðu hjá félaginu auk framkvæmdastjóra og aðstoðarmanns hans, sölu- og rekstrarstjóri, fjármálastjóri, ritari, tveir verkefnastjórar, umsjónarmaður fasteigna og tveir iðnaðarmenn, samtals 10 starfsmenn.



### Skipulag félagsins

Í samræmi við margháttað og víðfeðmt hlutverk félagsins byggir skipulag þess á verkefnatengdu fyrirkomulagi. Umbreyting auðrar varnarstöðvar, sem að öllu leyti var byggð á amerískum stöðlum, yfir í vaxandi íslenskt samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, felur í sér ótal marga þætti sem starfsmenn félagsins þurfa að geta sett sig inn í og unnið úr hratt og vel. Slíkt umhverfi krefst mikils sveigjanleika og ábyrgðar af starfsmönnum sem skýrir það að fimm starfsmenn félagsins utan framkvæmdastjóra eru titlaðir verkefnastjórar.

Félagið hefur leitast við að halda kjarnastýringu verkefna innan félagsins og útvista jafnmiklu og hagkvæmt þykir. Með þessu móti tekst að fá að borðinu hæfustu sérfræðinga hverju sinni. Á meðal verkefna sem útvistað er má nefna lögfræðipjónustu, verkfræðipjónustu og ráðgjöf vegna markaðs- og þróunarmála.

### Sala

Ásbrú hefur ekki farið varhluta af áhrifum fjölgunar ferðamanna til landsins. Gistipláss eru fullbókuð yfir sumarmánuðina og á vormánuðum seldi félagið eignina að Lindarbraut 637, sem er 1.400 m<sup>2</sup> steinsteypt fjölbýlishús, með 25 einstaklingsíbúðum til lhostel ehf. Þar opnaði fyrirtækið nýtt gistihús undir merkjum Starthostel. Nálægðin við flugvöllinn gerir svæðið að eftirsóknarverðum stað fyrir slíkan rekstur en mikill áhugi hefur verið á að nýta einstaklingsíbúðir á svæðinu í þessum tilgangi.

### Áframhaldandi vöxtur í gagnaveri Verne

Verne hélt áfram að vaxa á sínu öðru starfsári og er hvergi slegið af í starfsemi fyrirtækisins. Gagnaverið er nú þegar hið stærsta hér á landi en ljóst er að framtíðin er björt í þessum iðnaði því vistun gagna á heimsvísu færir æ meir í svonefnda skjáþjónustu. Athygli hefur í vaxandi mæli

beinst að útblæstri gagnavera með því að þeim fjölga stöðugt í heiminum og áherslan á græna kosti verður sífellt meiri. Hagkvæm kæling gagnavera á Íslandi auk framboðs af grænni orku gera landið og Ásbrú að sterkum valkosti þegar kemur að uppbyggingu gagnavera.





### Öll partí morgundagsins – Nick Cave fellur af sviðinu

Tónlistarhátíðin *All Tomorrow's Parties Iceland* var haldin á Ásbrú í júní. Á hátíðinni kom fram fjöldi hljómsveita í Atlantic Studios ásamt því að kvikmyndir valdar af Jlm Jarmush og Tildu Swinton voru sýndar í Andrews Theater. Ýmis skemmtiatriði, líkt og Poppunktur Dr. Gunna, fóru einnig fram í Officera-klúbbnum. Það vakti mikla athygli að aðalnumer hátíðarinnar,

Ástralinn Nick Cave, féll af rampi sem stóð út úr sviðinu svo að listamennirnir gætu komist nær áhorfendum í miðju atriði. Nokkur geðshræring varð á meðal áhorfenda þangað til hann birtist aftur á sviðinu. Á hátíðina kom vel á annað þúsund manns, þar af um 400 erlendir gestir sem allir rómuðu aðstöðuna á Ásbrú.

## Starfsemi ársins

Árið einkenndist af því að fyrstu ummerki þess að efnahagslífið væri að losna úr viðjum kreppunnar komu fram. Eftir mögru árin þar á undan mátti greina meiri áhuga til fjárfestinga auk þess sem verkefni sem stofnað var til virtust komast lengra en áður. Þannig hélt fyrirtækjum og störfum á Ásbrú áfram að fjölga. Á svæðinu starfa um 700 manns hjá 130 litlum og meðalstórum fyrirtækjum með breiðan bakgrunn. Grundvöllurinn sem skapaður hefur verið undir framtíðaruppbyggingu er því mjög sterkur og leiðir til framtíðarvaxtar á svæðinu verði rétt á spilum haldið. Svæðið tekur á sig sífellt sterkari mynd í samræmi við stefnu Próunarfélagsins en færast jafnframt nær því að festa sig í sessi sem hluti af samfélaginu á Suðurnesjum. Þannig er Sporthúsið á Ásbrú fjölmennasta líkamsræktarstöðin á Suðurnesjum. Í Andrews menningarhúsinu fara fram margir af stærstu menningarviðburðum svæðisins. Keilir er orðinn hluti af tungutaki á Suðurnesjum hvað menntun varðar ásamt því að hönnuðir og frumkvöðlar líta til svæðisins með sína starfsemi.

### Leiga

Markmið Próunarfélags Keflavíkurflugvallar er að selja þær eignir sem félaginu er falin umsýsla á. Undanfarin ár hafa hins vegar ekki verið hagfelld til sölu eigna. Því hefur félagið lagt aukna áherslu á útleigu en þar með hefur náðst fram aukin nýting eigna á svæðinu með tilheyrandi tekjuflæði og verðmætaaukningu eigna.

### Útleiga á iðnaðarsvæði Ásbrúar

Mikil aðsókn var í iðnaðarhúsnæði Próunarfélagsins en í lok árs var allt iðnaðarhúsnæði félagsins í útleigu. Tekist hefur að laða að fyrirtæki með fjölbreyttan bakgrunn og mismunandi starfsemi. Ávallt er reynt eftir fremsta megni að laða að fyrirtæki í fjölbreyttri iðnaðarstarfsemi. Mikil áhersla er lögð á að markaðssetja svæðið fyrir aðila sem einnig vilja nýta sér græna orku í sínum rekstri. Sem dæmi um slík fyrirtæki sem gerðu langtímaleigusamning um iðnaðarhúsnæði á tímabilinu eru Algalíf ehf. og Græn orka ehf.

### Útleiga á íbúðum til starfsmanna fyrirtækja á Ásbrú

Á árinu var bygging 671 við Breiðbraut sett í útleigu. Um er að ræða 11 íbúðir sem leigjast út til starfsmanna fyrirtækja á svæðinu. Fyrir eru byggingar 669 og 672 við sömu götu sem leigðar eru út í sama tilgangi.

### Útleiga í Frumkvöðlasetrinu Eldey


Útleiga í Eldey hélt áfram að dafna en þar var húsið í nær fullri nýtingu eins og árið á undan. Fyrsti útskriftarhópur tæknifræðinga frá Keili, sem útskrifaðist á árinu 2012, er nú þegar farinn að setja mark sitt á frumkvöðlasetrið en nokkur hópur nemenda hefur þar aðstöðu við að koma sprotafyrirtækjum sínum á fót. Það má því segja að ákveðnum áfanga hafi verið náð en hugmyndafræðin sem unnið er eftir hjá Kadeco miðar að því að Keilir skapi bakgrunn þekkingar sem síðar leiði til nýsköpunar á svæðinu. Eftir sem áður skapar þó hin skemmtilega blanda fjölbreyttra verkefna sem unnið er að í Eldey henni eftirsóknarvert andrúmsloft.

### Útleiga í skrifstofuhótelinu Eldvörpum

Skrifstofuhótelid Eldvörp gegndi áfram sínu hlutverki sem heimahöfn lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Ásbrú. Sveigjanleiki þeirrar aðstöðu sem húsnæðið hefur upp á að bjóða hefur nýst vel en samhliða auknum umsvifum á svæðinu verður áhuginn á Eldvörpum jafnframt sífellt meiri.







### Breyttu lífi sínu á Ásbrú

Þáttaröðin *The Biggest Loser Ísland* var tekin upp á Ásbrú á haustmánuðum en auk þess að nota hluta *Officera*-klúbbsins undir líkamsræktarsal og sviðsmynd fyrir vigtun þjuggu keppendur og hluti upptökuliðs á Ásbrú á meðan á upptökum stóð. Þættirnir snúast um að hópur einstaklinga sem er í ofþyngd kemur saman og keppir sín á milli í því að tapa sem mestu hlutfalli af líkamsþyngd sinni. Þættirnir eru því í senn jákvæðir, spennandi og tilfinningaríkir enda eiga margir einstaklinganna mikið undir í því að takast loks að sigra í baráttunni við aukakílóin. Þar sem þættirnir eru þannig uppbyggðir að keppendurnir búa saman einangraðir frá umheiminum í bestu mögulegu aðstöðu til þess að takast á við verkefnið var um umfangsmiklar upptökur að ræða sem stóðu yfir í tæpa þrjú mánuði. Auk þess að vera teknir upp á Ásbrú ferðuðust keppendur og leystu þrautir víðs vegar um Reykjanesið. En aðaluppistaðan var líf þeirra á Ásbrú og má því segja að svæðið hafi sjaldan fengið jafn mikla kynningu því nafni svæðisins var sífellt hampað, bæði í þáttunum sjálfum sem og í kynningarefni vegna þeirra og viðtölum við keppendur.



### Opinn dagur

Mikill fjöldi mætti á Opinn dag á Ásbrú á sumardaginn fyrsta í ameríska karnivalstemningu í Atlantic Studios. Fjölbreytt dagskrá var í boði s.s. hoppkastalar, draugahús, leikjabásar, kynningar ýmiss konar, andlitsmálun og margt fleira ásamt því að hinn sívinsæli Ingó veðurguð spilaði fyrir gesti. Keilir bauð upp á námskynningar og skemmtun í húsakynnum sínum til kynningar á sinni starfsemi ásamt því að íbúar á Ásbrú voru

boðnir velkomnir í íbúagrill sem haldið var áður en opnað var fyrir almenning í Atlantic Studios. Rúmlega 10 þúsund manns lögðu leið sína á Ásbrú til að taka þátt í deginum sem heppnaðist einstaklega vel. Sumarið 2013 verður seint í minnum haft fyrir gott veður og þar eð sumardagurinn fyrsti var engin undantekning þar á skapaðist skemmtileg stemning inni í kvikmyndaverinu sem skýldi gestum fyrir veðri og vindum.

## Framkvæmdir og skipulag

### Framkvæmdir vegna viðhalds bygginga

Ásamt almennu eftirliti og umsjón á fasteignum Próunarfélagsins var farið í viðhaldsframkvæmdir á ytra byrði fasteigna, þ.e.a.s. viðgerðir og málun.

### Framkvæmdir í tengslum við leigusamninga

Farið var í ýmsar framkvæmdir og endurbætur á iðnaðarhúsnæði Próunarfélagsins til þess að laga það betur að þörfum leigjenda eða gera verðandi leigjendum kleift að koma sinni starfsemi fyrir í viðkomandi húsnæði með sem bestum hætti. Framkvæmdir sem farið var í á árinu voru m.a. endurbætur á íbúðarhúsnæði að Breiðbraut 671, endurbætur á Bogatröð 10 í tengslum við leigusamning við Algalíf ehf. Jafnframt var farið í frekari endurbætur á Eldey við Grænásbraut 506 og við Atlantic Studios við Grænásbraut 501.

### Mengunarframkvæmdir

Unnið var að frágangi ýmissa mála í tengslum við rannsóknir á mengun á árinu. Meðal annars voru tekin sýni úr jarðvegi og grunnvatni á tilteknum svæðum. Vöktun var einnig sett í gang á framkvæmdarsvæðum við fyrrum urðunarstaði. Samstarfi við Orkurannsóknir ehf. um niðurbrot mengunar í jarðvegi var haldið áfram í samræmi við samkomulag frá árinu 2012.

### Framkvæmdir við opin svæði

Golfvöllinum á svæðinu var breytt úr 6 holu velli í 9 holu völl auk þess sem haldið var áfram með umhirðu knattspyrnuvallarins. Í samstarfi við Skógræktarfélag Suðurnesja og Reykjanesbæ voru gróðursettar 4000 plöntur við innkomu svæðisins að Grænás. Þá var jafnframt ráðist í gróðursetningu á fjölsóttum svæðum á Ásbrú.

### Markaðsmál

Eitt af kjarnaverkefnum Próunarfélagsins er að koma á framfæri þeirri uppbyggingu, starfsemi og möguleikum sem eru til staðar á Ásbrú. Kynning á uppbyggingu Ásbrúar veitir fleiri tækifæri til þess koma eignum í not. Segja má að markaðsmál félagsins skiptist í fernt: Í fyrsta lagi auglýsingar í fjölmiðlum, í öðru lagi rekstur heimasíðu og útgáfu kynningarefnis, í þriðja lagi þátttöku í ráðstefnum og beinni markaðssetningu í tengslum við lykiltáknverkefni og í fjórða lagi atburði á Ásbrú og þátttöku í mannlífi á Suðurnesjum.

### Auglýsingar

Félagið hélt áfram að birta auglýsingar sem byggðar eru á þeim eignum sem finna má á Ásbrú annars vegar og svo starfseminni sem þegar hefur komið sér fyrir hins vegar. Sérstakar auglýsingar um eignir á fasteignavefsíðum voru jafnframt birtar auk þess sem einstakir atburðir á Ásbrú voru kynntir.

### Kynningarefni

Félagið heldur úti rekstri síðunnar [www.asbru.is](http://www.asbru.is) þar sem finna má fréttaveitu um mannlífið á Ásbrú ásamt almennum upplýsingum um það sem svæðið hefur upp á að bjóða. Í íslenskri útgáfu síðunnar er reynt að höfða til innlendra aðila með því að veita lesendum innýn í lífið á Ásbrú. Í enskri útgáfu hennar eru áherslurnar hins vegar lagðar á fjárfestingarmöguleika á svæðinu enda er erlendi markhópurinn annars eðlis en sá innlendi. Heimasíða Próunarfélagsins, [www.kadeco.is](http://www.kadeco.is), er í raun undirsíða Ásbrúarsíðunnar en á síðunni er einnig að finna upplýsingar um allar eignir í úmsýslu Próunarfélagsins. Félagið hélt jafnframt áfram að gefa út kynningarbæklinga um starfsemina á Ásbrú. Sérstakar kynningarbæklingur um fjárfestingarumhverfið á Reykjanesi var gefinn út þar sem fjárfestingar á Ásbrú voru settar í samhengi við umhverfi sitt.





### Má bjóða þér í heimsókn?

Á árinu opnaði Íbúð Kanans en hún er samstarfsverkefni Kadeco og Dagnýjar Gísladóttur sem gerði hana að meistaraverkefni sínu í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Markmið sýningarinnar er að gefa innsýn í hversdagslíf bandarískra hermanna á Íslandi og skoða hvort og hvaða áhrif þeir höfðu á menningu þeirra sem bjuggu hinum megin við hliðið og

öfugt. Sýningunni er jafnframt ætlað að varpa fram nýrri sýn á herstöðina sem oft hefur verið neikvæð og pólitísk. Hér er sjónum beint að hinu hversdagslega og því persónulega, að fólkinu sem þar bjó. Samskipti þeirra eru skoðuð sem og menningarleg áhrif á báða bóga.

## Viðskiptaþróun

### Atburðir

Markmiðið með atburðum á Ásbrú er tvíþætt. Annars vegar að efla það starf sem fram fer á svæðinu með því að halda ráðstefnur og fyrirlestra um málefni sem tengjast uppbyggingu svæðisins. Hins vegar að kynna svæðið og laða að því ólíka aðila sem ellegar myndu ekki eiga erindi inn á svæðið.

Í þessu tilliti stendur Próunarfélagið árlega fyrir opnum degi á Ásbrú í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu. Próunarfélagið hefur enn sem fyrr stutt við ýmsa atburði á nærsvæðinu. Það hefur bæði lagt til húsnæði til opinna menningarviðburða og jafnframt gerst styrktaraðili að atburðum líkt og Ljósanótt í Reykjanesbæ sem haldin er fyrstu helgina í september ár hvert. Undanfarin ár hefur félagið stuðlað að uppbyggingu tónlistartengds menningaratburðar. „Völlurinn“ á stóran sess í popptónlistarsögu landsins og því er við hæfi að Ásbrú sé vettvangur tónlistarsköpunar eins og á sér stað á tónlistarhátíðinni ATP – All Tomorrow's Parties Iceland sem haldin var á Ásbrú í júní.

Annað slíkt tækifæri gafst til að sýna aðstöðuna og lífið á Ásbrú þegar Sagafilm leitaði til Kadeco um aðstöðu fyrir upptökur á íslenskri útgáfu bandarísku þáttaraðarinnar um stærsta taparann eða „The Biggest Loser“. Þáttaröðin The Biggest Loser hefur um árabil notið vinsælda víðsvegar um heim og íslenska útgáfan var engin undantekning þar á en þættirnir voru sýndir á SkjáEinum og hlutu mikla athygli.

Í samræmi við stefnu félagsins um uppbyggingu og þróun byggða á styrkleikum svæðisins hefur félagið stutt við þróun og uppbyggingu þriggja klasa á svæðinu grundvallaða á tækni, heilsu, og samgöngum. Það er gert með því að leita sífellt tækifæra í þessum geirum og markaðssetja svæðið sérstaklega fyrir aðila innan þeirra. Það er einnig gert með þátttöku í þeim klösum sem reknir eru hér á landi og tengjast þessum sviðum. Í þessu skyni hefur félagið bæði látið vinna og tekið þátt í vinnu Íslandsstofu við að greina vissa markaði sem síðan er sótt á með markvissum hætti. Fulltrúar félagsins fara jafnframt á sölusýningar og ráðstefnur til þess að koma svæðinu á framfæri.








### Keilir

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, var stofnaður á vordögum 2007 en að stofnun Keilis kom Háskóli Íslands auk fjölda öflugra fyrirtækja líkt og Próunarfélagið, HS Orka og Icelandair. Væxtur Keilis hefur verið stöðugur frá upphafi en á árinu 2013 voru nemendur í bóklegu námi hjá

Keili 517 talsins. Þá útskrifaði Keilir 316 nemendur en þar á meðal var annar hópur tæknifræðinga Keilis og Háskóla Íslands þegar 13 nemendur brautskráðust með BS gráðu í orku- og umhverfstæknifræði og mekatrónik hátæknifræði. Stofir Keilis eru: Háskólabrú, Flugakadémía,

Íþróttakadémía og Tæknifræði. Þá rekur Keilir fyrir tilstuðlan Próunarfélagsins glæsilega verknámsaðstöðu fyrir rannsóknir og verklega kennslu, Orkurannsóknir ehf. Er henni ekki síst ætlað að þjóna atvinnulífinu á Ásbrú. Velta Keilis var yfir 600 milljónir króna á árinu. Í lok ágúst 2013 höfðu 1.607 manns fengið prófskírteini frá Keili, þar af 1.122 af Háskólabrú.



Skipting nemenda í bóklegu námi hjá Keili eftir landshlutum er þessi:

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Félagið var stofnað 24. október 2006. Markmið og tilgangur félagsins er að leiða þróun og umbreytingu á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurlugvelli til borgaralegra nota. Í því felst meðal annars nauðsynleg undirbúningsvinna, svo sem úttekt á svæði og mannvirkjum ásamt þróunar- og vaxtarmöguleikum þess í samráði við þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta. Þá mun félagið á grundvelli þjónustusamnings við ríkið annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinnna eigna íslenska ríkisins á svæðinu, þar með talið umsjón með sölu og útleigu eigna, hreinsun svæða, niðurrifi mannvirkja og öðrum skyldum verkefnum. Hægt verður einnig að fela félaginu önnur verkefni sem tengjast úttektum, þróun og umbreytingu á svæðinu.

Þjónustusamningur við ríkið var undirritaður 8. desember 2006. Breytingar hafa verið gerðar á fjármögnunarþætti samningsins og eru tekjur félagsins ákvarðaðar á fjárlögum samkvæmt áætlun félagsins um framkvæmd verkefna. Félagið hefur einnig leigutekjur af leigðum fasteignum á þróunarsvæðinu ásamt öðrum sértekjum.

Ársreikningur Próunarfélags Keflavíkurlugvallar ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Samkvæmt rekstrarreikningi var 39,9 m.kr. hagnaður af rekstri félagsins. Fjárfesting í áhöldum og tækjum á árinu nam 1,7 m.kr. Eignir félagsins námu 1.375,6 m.kr., skuldir 727,2 m.kr. og eigið fé félagsins nam 648,4 m.kr. í árslok 2013.

Stjórnin vísar til ársreiknings varðandi ráðstöfun rekstrarhagnaðar. Hlutfé félagsins er 20 m.kr. og er ríkissjóður eini hluthafinn.

Stjórn Próunarfélags Keflavíkurlugvallar ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Ásbrú, 8. maí, 2014.

Stjórn

Sigurður Kári Kristjánsson

Árni Sigfússon

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri

Kjartan Þór Eiríksson



## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á árshlutareikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að

nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga.

Í skýrslu stjórnenda eða í skýringum koma fram þær upplýsingar sem ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Ríkisendurskoðun, 8. maí, 2014.



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.



Karlotta B. Aðalsteinsdóttir,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrartekjur</b>			
Þjónustugreiðslur ríkissjóðs .....		528.041.588	533.207.636
Húsaleiga .....	8	81.829.708	81.575.835
Aðrar tekjur .....		87.126.428	69.068.969
		<u>696.997.724</u>	<u>683.852.440</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Almennur rekstur verkefna .....		416.359.850	456.094.693
Laun og launatengd gjöld .....		106.378.910	107.546.354
Annar rekstrarkostnaður .....	6	108.503.221	79.353.600
Afskriftir .....		19.390.649	22.080.137
	1	<u>650.632.630</u>	<u>665.074.784</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		46.365.094	18.777.656
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	7	<u>3.542.232</u>	<u>2.159.764</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		49.907.326	20.937.420
Tekjuskattur .....	5	(9.981.465)	(4.187.484)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>39.925.861</u>	<u>16.749.936</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eignir	Skýr.	2013	2012
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign .....		468.321.434	483.428.577
Áhöld og tæki .....		5.350.486	7.733.217
Húsgögn og búnaður .....		2.456.649	2.569.536
	1	<u>476.128.569</u>	<u>493.731.330</u>
Verðbréf og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	2	314.032.721	327.268.063
		<u>314.032.721</u>	<u>327.268.063</u>
		<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>820.999.393</b>
		<u>790.161.290</u>	<u>820.999.393</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	9	284.134.278	236.092.690
Biðreikningur vegna yfirtöku fasteigna .....	11	136.271.255	113.892.000
Viðskiptakröfur .....		110.462.685	135.910.187
Kröfur á tengda aðila .....		16.750.000	11.000.000
Aðrar skammtímakröfur .....		2.472.064	2.141.625
Handbært fé .....		35.430.025	59.081.634
		<u>585.520.307</u>	<u>558.118.136</u>
		<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>1.379.117.529</b>
		<u>1.375.681.597</u>	<u>1.379.117.529</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.375.681.597</u>	<u>1.379.117.529</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2013	2012
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		20.000.000	20.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		2.000.000	2.000.000
Óráðstafað eigið fé .....	3	626.421.640	586.495.779
		<u>648.421.640</u>	<u>608.495.779</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding .....	5	2.430.185	2.707.860
Langtímaskuldir:			
Skuld við ríkissjóð vegna fasteigna .....	10	683.571.434	683.571.434
		<u>683.571.434</u>	<u>683.571.434</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir .....		15.770.309	60.376.700
Aðrar skammtímaskuldir .....		15.228.889	19.766.006
Tekjuskattur .....	4	10.259.140	4.199.750
		<u>41.258.338</u>	<u>84.342.456</u>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>770.621.750</b>
		<u>727.259.957</u>	<u>770.621.750</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.375.681.597</u>	<u>1.379.117.529</u>



# Sjóðstreymi 1. janúar til 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður tímabilsins .....		39.925.861	16.749.936
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	1	19.390.649	22.080.137
Hagnaður af sölu eignarhluta .....		(200.000)	0
Tekjuskattsskuldbinding breyting .....	5	(277.675)	(94.753)
Tap af sölu eignarhluta .....		3.944.562	0
		<u>62.783.397</u>	<u>38.735.320</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		2.737.808	71.032.580
Kröfur á tengda aðila .....		(5.750.000)	(6.000.000)
Krafa á ríkissjóð .....		(48.041.588)	112.597.575
(Lækkun) rekstrartengdra skulda:	11		
Skammtímaskuldir .....		(43.084.118)	(60.614.244)
		<u>(94.137.898)</u>	<u>117.015.911</u>
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<u>(31.354.501)</u>	<u>155.751.231</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð rekstrarfjármuna .....	1	(1.787.888)	(2.812.575)
Söluverð eignarhluta .....		4.255.438	0
Kaupverð eignarhluta .....		(100.000)	(318.181.596)
Niðurfærð hlutabréf í Seltúni ehf. ....		5.335.342	8.613.533
Lán frá ríkissjóði vegna fasteignar .....		0	180.000.000
		<u>7.702.892</u>	<u>(132.380.638)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		(23.651.609)	23.370.593
Handbært fé í byrjun tímabils .....		<u>59.081.634</u>	<u>35.711.041</u>
Handbært fé í lok tímabils .....		<u><u>35.430.025</u></u>	<u><u>59.081.634</u></u>

# Reikningsskilaaðferðir

## Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum.

## Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem þeim tengjast. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metin geta, við sölu eða innlausn, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## Innlausn tekna

Seldar vörur og þjónusta eru færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma vöru og þjónustu.

## Lotun gjalda

Kostnaður er færður í ársreikninginn á því tímabili sem til hans er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kaupverði. Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

		Áætlaður endingartími
Fasteign .....	3%	30 ár
Áhöld og tæki .....	30%	30 ár
Húsgögn og búnaður .....	25%	30 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðuð við eignarhaldstíma innan ársins.

## Áhættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á matsverði.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

## Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskatturinn inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Hann er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé en þá er hann færður á eigið fé.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.



# Skýringar

## 1. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Húsgögn og búnaður	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1. janúar .....	503.571.434	10.901.850	25.839.875	540.313.159
Keypt á árinu .....	0	886.150	901.738	1.787.888
Selt á árinu .....	0	0	0	0
Heildarverð 31. des .....	<u>503.571.434</u>	<u>11.788.000</u>	<u>26.741.613</u>	<u>542.101.047</u>
Afskrifað 1. janúar .....	20.142.857	8.332.314	18.106.658	46.581.829
Afskrifað á árinu .....	15.107.143	999.037	3.284.469	19.390.649
Selt á árinu .....	0	0	0	0
Afskrifað 31. des .....	<u>35.250.000</u>	<u>9.331.351</u>	<u>21.391.127</u>	<u>65.972.478</u>
Bókfært verð 31. des .....	<u>468.321.434</u>	<u>2.456.649</u>	<u>5.350.486</u>	<u>476.128.569</u>
Fyrningarhlutföll .....	3%	25%	30%	

Keypt áhöld og tæki á árinu eru staðsett í skrifstofuhúsnæði félagsins.

## 2. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. ....	15,0%	46.481.596	46.481.596
Heilsufélag Reykjaness .....	100,0%	1.000.000	1.000.000
Seltún ehf. ....	100,0%	280.500.000	266.551.125
		<u>327.981.596</u>	<u>314.032.721</u>

Seltún ehf., dótturfélag Próunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., var stofnað á árinu 2010 með 500 þús.kr. hlutafé. Árið 2012 var hlutaféð aukið um 280 m.kr. Hlutaféð var greitt með eignarhluta Próunarfélagsins í fasteigninni að Flugvallarbraut 710 og endurbótum á fasteigninni. Bókfært verð hlutafjárins er jafnt og bókfært eigið fé Seltúns ehf. í árslok 2013.

Próunarfélagið jók hlut sinn í Heilsufélagi Reykjaness árið 2013 og er það nú 100% í eigu félagsins.

Próunarfélagið seldi eignarhlut sinn í FSCI á árinu 2013 fyrir 1,2 m.kr.

Íþróttavöllum ehf. var slitið á árinu 2013 og fékk Próunarfélagið 3,1 m.kr. fyrir eignarhlut sinn í félaginu.

# Skýringar

## 3. Eigið fé

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Eigið fé óráðstafað	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	20.000.000	2.000.000	586.495.779	608.495.779
Hagnaður ársins .....			39.925.861	39.925.861
Eigið fé í lok tímabils .....	<u>20.000.000</u>	<u>2.000.000</u>	<u>626.421.640</u>	<u>648.421.640</u>

## 4. Skattar

Áætlaður tekjuskattur til greiðslu er færður meðal skammtímaskulda.

## 5. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins yrðu seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) félagsins greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2013 .....	2.707.860
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins .....	9.981.465
Tekjuskattur til greiðslu árið 2013 .....	(10.259.140)
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2013 .....	<u>2.430.185</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins er uppfærð í efnahagsreikningi en hún samanstendur af eftirfarandi liðum:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	1.325.559
Viðskiptakröfur .....	1.104.627
	<u>2.430.186</u>

## 6. Laun og launatengd gjöld

	2013	2012
Laun .....	83.898.264	80.600.683
Ökutækjastyrkur .....	7.348.763	8.039.023
Áfallið orlof .....	(1.388.262)	3.235.668
Launatengd gjöld .....	16.520.145	15.670.980
	<u>106.378.910</u>	<u>107.546.354</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 10 starfsmenn á árinu 2013 en heildarfjöldi starfsmanna var 11. Þóknun og hlunnindi til stjórnenda námu 26,7 m.kr.



## Skýringar

### 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur .....	3.903.996	2.843.271
Vaxtagjöld .....	(359.977)	(859.769)
Gengismunur .....	(1.787)	0
	<u>3.542.232</u>	<u>1.983.502</u>

### 8. Þjónustutekjur frá ríkissjóði

Þjónustutekjur frá ríkissjóði reiknast jafnháar og útlagður kostnaður við verkefni unnin samkvæmt þjónustusamningi. Heildarþjónustutekjur þann 31.12. voru sem hér segir:

Rekstur mannvirkja .....	390.035.387
Próunar-, skipulags-, og markaðsmál .....	126.633.272
Mengunarmál .....	11.372.929
	<u>528.041.588</u>

### 9. Ríkissjóður viðskiptareikningur

Staða 1.1.2013 .....	236.092.690
Krafa á ríkissjóð vegna framsals gatnakerfis .....	20.000.000
Þjónustutekjur frá ríkissjóði 2013 skv. ársreikningi 2013 .....	528.041.588
Móttæknar kaupsamningsgreiðslur 2013 .....	(293.500.000)
Greitt til ríkissjóðs 2013 .....	293.500.000
Greiddslur frá ríkissjóði 2013 .....	(500.000.000)
	<u>284.134.278</u>

### 10. Ríkissjóður langtímaskuld vegna yfirtöku fasteigna á verktakasvæði

Próunarfélagið tók yfir fasteignir á verktakasvæði eftir gjaldþrot kaupanda. Alls er um að ræða 21 fasteign. Samfara yfirtöku stofnast skuld við Ríkissjóð Íslands sem nemur yfirtökuverði fasteigna. Stefnt er að því að selja þessar fasteignir og verður skuld við Ríkissjóð greidd í samræmi við sölu.

Próunarfélagið jók hlutafé sitt um 280 m.kr. í Seltúni ehf. með fasteigninni að Flugvallarbraut 710. Af því eru 100 m.kr. þegar greiddar með greiðslu útlagðs kostnaðar vegna sjúkrahúsbyggingar að Flugvallarbraut 710, en 180 m.kr. með fasteigninni Flugvallarbraut 710. Samfara aukningunni stofnast skuld við Ríkissjóð Íslands sem nemur 180 m.kr. Skuldin verður gerð upp við sölu Seltúns ehf.

Skuld vegna yfirtöku fasteigna á árinu 2011 .....	503.571.434
Skuld við ríkissjóð vegna Flugvallarbrautar 710 .....	180.000.000
	<u>683.571.434</u>

## Skýringar

### 11. Biðreikningur vegna yfirtöku fasteigna

Á yfirteknum fasteignum vegna þrotabús Base ehf. hvíldi tryggingabréf sem Próunarfélagið greiddi upp. Próunarfélagið greiddi ennfremur ógreidd fasteignagjöld v/Base ehf. Í ársreikningnum er þessi fjárhæð færð á biðreikning vegna fasteigna og verður færð út við sölu og/eða endurmat fasteignanna.

Tryggingabréf vegna fasteigna .....	115.642.000
Innborgun vegna tryggingabréfa .....	(1.750.000)
Greiðsla á fasteignagjöldum Base ehf. ....	22.379.255
	<u>136.271.255</u>





Próunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | [www.asbru.is](http://www.asbru.is)

